



## Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar 29. maí 2010

**Almennar sveitarstjórnarkosningar verða haldnar laugardaginn 29. maí 2010. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst þriðjudaginn 6. apríl en frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi er til kl. 12 á hádegi laugardaginn 8. maí.**

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið hefur nú í fyrsta sinn umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, eftir að forræði þessa málaflokks fluttist til ráðuneytisins frá samgönguráðuneytinu 1. október 2009. Ráðuneytið annast því framkvæmd allra almannakosninga hér á landi.

### Kosningarréttur

Samkvæmt lögum um sveitarstjórnarkosningar eiga eftirtaldir, **sem fæddir eru 29. maí 1992 og fyrr**, kosningarrétt til sveitarstjórnar 29. maí 2010:

- **Íslenskir ríkisborgarar** sem skráðir eru með lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár **8. maí 2010**.
- **Íslenskir ríkisborgarar** sem flutt hafa lögheimili sitt til hinna Norðurlandanna **vegna náms** á grundvelli Norðurlandasamnings um almannaskráningu og eru þar enn skráðir **8. maí 2010**.
- **danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar** sem lögheimili hafa átt hér á landi í **þrjú ár samfelt frá 29. maí 2007** og eru skráðir með lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi **8. maí 2010**.
- **aðrir erlendir ríkisborgarar** sem lögheimili hafa átt hér á landi í **fimm ár samfelt frá 29. maí 2005** og eru skráðir með lögheimili í ákveðnu sveitarfélagi **8. maí 2010**.

### Kjörgengi

Hver sá sem á kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar getur boðið sig fram til setu í sveitarstjórnnum, hafi hann ekki verið sviptur lögræði.

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst þriðjudaginn **6. apríl 2010**. Kjósanda sem ekki getur kosið á kjördag er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi til kjördags. Hægt verður að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra. Atkvæðagreiðsla á erlendra grundu hefst sama dag á vegum utanríkisráðuneytisins sem mun kynna fyrirkomulag þar að lútandi. Kjósanda er heimilt



að greiða atkvæði á kjördag þótt hann hafi greitt atkvæði utan kjörfundar og kemur utankjörfundaratkvæðaseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

### Kjörskrá

Þjóðskrá sér um gerð kjörskrárstofna fyrir allar almannakosningar hér á landi. Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna mun Þjóðskrá, eins og gert var í fyrsta sinn fyrir þjóðaratkvæða-

greiðslu 6. mars 2010, veita rafrænan aðgang að kjörskrá á kosningavef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, [kosning.is](http://kosning.is), eins fljótt og verða má eftir viðmiðunardag kjörskrár 8. maí 2010. Þar munu kjósendur geta, með því að slá inn kennitölu sína, fengið upplýsingar um lögheimili og sveitarfélag og Reykvikingar fá að auki upplýsingar um kjörstað og kjördeild. Sveitarfélög auglýsa kjörstaði hvert fyrir sig.

### Helstu dagsetningar

#### 6. apríl

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst.

#### 8. maí

- Viðmiðunardagur kjörskrár.
- Framboðsfrestur rennur út kl. 12 á hádegi.

#### 19. maí

Kjörskrá skal lögð fram í síðasta lagi þennan dag og skal framlagning hennar auglýst fyrir þann tíma.

#### 29. maí

Kjördagur.

## Alls tóku 476 íslenskupróf árið 2009 vegna umsóknar um ríkisborgararétt

Alls þreyttu 476 útlendingar af 81 þjóðerni íslenskupróf árið 2009 vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt. Haldnar voru tvær prófalotur, í júní og desember, á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni þar sem næg þátttaka náðist. Meginþorri þeirra sem þreyttu prófin var á aldrinum 25–44 ára, eða tæp 80%.

Námsmatsstofnun, sem sér um framkvæmd prófanna, samkvæmt samningi við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, hefur nú skilað ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd og niðurstöður á árinu 2009. Ákvæði um að umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt skuli hafa staðist próf í íslensku tók gildi 1. janúar það ár.

Prófinu er fyrst og fremst ætlað að vera hjálpartæki fyrir umsækjendur en ekki síunarpróf. Það er bæði munnlegt og skriflegt og prófaðir eru nokkrir meginþættir tungumálsins: Lesskilningur, hlustun á talað mál, ritun einfalds texta og einföld munnleg tjáning. Ekki eru gerðar lágmarkskröfur í hverjum þætti fyrir sig, heldur ræður samantöld einkunn allra þáttanna hvort viðkomandi stenst próf. Þannig getur próftaki unnið upp slaka frammistöðu í einum þætti með góðri í öðrum.

Í skýrslu Námsmatsstofnunar kemur fram að af þeim 476 sem þreyttu prófið stóðust það 442, eða 92,8%.

Sjá skýrslu Námsmatsstofnunar á vef dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, [www.domsmalaraduneyti.is](http://www.domsmalaraduneyti.is).

### Skráning í næstu prófalotu til 10. maí

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt hefjast hjá Námsmatsstofnun 31. maí næstkomandi fyrir þá sem hafa skráð sig í próf fyrir 10. maí. Þeir sem skrá sig eftir þann tíma eiga kost á því að taka próf í desember 2010. Prófin verða haldin í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins ef næg þátttaka fæst.

Skráning í prófin hófst 1. mars sl. og fer hún fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar, [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is). Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um hvar prófin fara fram, sýnishorn af verkefnum og prófkröfur. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur.

